

Öldungaráð Ísafjarðarbæjar
c/o Sigrún C. Halldórsdóttir form.
Hjallavegur 17
400 Ísafjörður

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Ísafirði 14.mái 2019

Efni: Laun / þóknun vegna setu í Öldungaráði Ísafjarðarbæjar.

Fram að þessu hefur ekki verið greitt fyrir setu í Öldungaráði líkt og gert er fyrir setu í öðrum nefndum sveitafélagsins. Undirritaðri er ekki kunnugt hvers vegna enda tók hún ekki við setu þar fyrir en á þessu ári.

Sú breyting varð á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga 1.oktober 2018 um að nú er það orðið samkvæmt lögum að sveitarfélög skulu hafa starfandi Öldungaráð (6.gr.).

Þess vegna langar undirritaðri sem formanni Öldungaráðs að beina því til bæjarstjórnar hvort ekki sé rétt að Ráðið verði launað líkt og aðrar nefndir sveitarfélagsins. (jafnræðisregla)

Þá skal á það bent að í setu í Ráðinu koma menn langt að s.s. Þingeyri og Flateyri og væri það minnsta að greiddur sé akstur.

Virðingarfyllst,

Sigrún C. Halldórsdóttir form
Öldungaráðs Ísafjarðarbæjar